



Biskup Íslands

Alþingi

Erindi nr. P 120, 1656

komudagur 23/4 1996

Reykjavík 22. apríl 1996

Allsherjarnefnd Alþingis
Sólveig Pétursdóttir, formaður

Umsögn um frumvarp til laga um staðfesta samvist

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæmi staðfestingu samvistar.

Biskupsembættið gerir ekki athugasemdir við anda frumvarpsins sem stefnir að því að veita samkynhneigðum borgaraleg réttindi til jafns á við aðra þegna þessa lands.

Eins og fram kemur í athugasemdum (4. gr.) við lagafrumvarpið hefur embættið áður brugðist við máli þessu með þeim hætti að áréttu að kirkjan sé ekki reiðubúin að heimila vígslu samkynhneigðra. Slík heimild er ekki fyrir hendi í neinni hinna stóru, hefðbundnu kirkjudeilda, hvorki á Norðurlöndum né annars staðar, eftir því sem best er vitað. Ennfremur skal það áréttuð sem fram kemur í áður nefndu bréfi embættisins, að kirkjan er reiðubúin að veita samkynhneigðum sálgæsluþjónustu til jafns á við aðra sem til hennar leita.

Í fyrra svarbréfi er vikið að því að það kunni að orka tvímælis að fólk verði að leita til presta um sættir áður en til skilnaðar kemur. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæmi staðfestingu samvistar telur embættið að það sé eðlilegast að sömu borgaralegu aðilar leiti sátta og heimili skilnað, takist sættir ekki.



Olegr Steinarsson